

# EFTIRLITSSKÝRSLA



## Sorpstöð Rangárvallasýslu Sorpstöð Rangárvallasýslu Strönd.

<b>Dags eftirlits</b>	14.11.2013	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigrún Guðmundsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Sorpstöð Rangárvallasýslu	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Suðurlandsvegi 1	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	6008932469	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ómar Sigurðsson	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ágúst Ingi Ólafsson	<b>Staðsetning</b>	690508,452 590016,913

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Gerðar eru tvær athugasemdir og tvö frávik staðfest. Athugasemd er gerð vegna annmarka starfsleyfis og vegna söfnunar spilliefna að Strönd. Frávikin varða breytta starfsemi á staðnum og að botnpéttinga- og sigvatnssöfnunarkröfur hafa ekki verið uppfylltar. Hvað snertir fyrra frávik um geymslu ónýtra bíla á malarplani hefur UST samþykkt úrbótaáætlun þess efnis að skammtímageymsluaðstaða verði bætt til samræmis við löggjöf fyrir 1.6. nk.

### UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitsskoðun fór fram á staðnum og stuttur fundur. Farið var yfir umfang starfsemi rekstraraðila, breytingar á því og endurskoðunarþörf starfsleyfis.

Frávik frá	Lýsing á frávikum
ákvæði 1.2 í starfsleyfi um umfang starfseminnar.	Í sorpstöðinni að Strönd er nú rekin söfnunarstöð sem tekur á móti spilliefnum og flokkuðum úrgangi frá einstaklingum og rekstraröðlum og hún sérstaklega auglýst sem slík í sveitarfélaginu. Ekkert er fjallað um slíka starfsemi í starfsleyfinu og því engin skilyrði sett um mengunarvarnir eins og þarf. Einungis er fjallað um urðun á ákv. tegunudum óvirks úrgangs, stórgerðum byggingarúrg. og meðhöndlun á lífrænum úrgangi.

Þriðja lið, viðauka I í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs, en samkvæmt honum skal vernda jarðveg, grunn- og yfirborðsvatn með jarðfræðilegum tálma og botnpéttingu.

Eins og undangengin ár hafa kröfur er varða botnpéttingu, jarðfræðilegan tálma og söfnun sigvatns ekki verið uppfylltar. Undanþága frá slíkum kröfum er einungis veitt í nýju starfsleyfi. Rekstraraðili hefur nú ákveðið að endurnýja starfsleyfi sitt.

### ATHUGASEMDIR

Það er mat eftirlitsaðila að brýnt sé að endurnýja starfsleyfi rekstraraðila. Leyfið er að nokkru frábrugðið öðrum samskonar leyfum og sum ákvæði þess eru ekki í takt/samræmi við löggjöf. Sem dæmi má nefna að í leyfinu er heimild til urðunar á stórgerðum almennum byggingarúrgangi en engin skilgreining er fyrir slíkan úrgang í löggjöf. Þá vantar mengunarvarnarákvæði vegna móttöku úrgangs, þó heimild sé gefin fyrir "móttöku" úrgangs í starfsleyfisákv. 1.1. (sjá einnig gr. 3 um móttökustöðvar í rgl. nr. 738/2003). Þá eru ekki sett sértæk skilyrði vegna krafna er varða botnpéttingu og söfnun sigvatns í samræmi við reglugerð nr. 738/2003.

Skv. bréfi rekstraraðila frá 13.12.sl. og rafpósti frá 15.1.sl. er rekstraraðili sammála því að nauðsynlegt sé að breyta starfsleyfinu. Undirbúningur er hafinn og áætlað rekstraraðili að senda Umhverfisstofnun starfsleyfisumsókn í apríl nk.

Borist hafa kvartanir frá viðskiptavinum rekstraraðila þess efnis að ekki sé kvittað fyrir móttöku spilliefna. Rekstraraðili segir hins vegar að kvittað sé fyrir móttöku þeirra. Mikilvægt er að meðhöndlun spilliefna sé rétt, tryggt sé að mengunarvarnir séu hæfilegar, úrgangshafar fái nægar upplýsingar um farveg spilliefna og staðfestingu á móttöku þeirra og að skráning spilliefna verði með eðlilegum hætti. Eins og fram kemur í frávikalýsingu hér að ofan hefur rekstraraðili ekki heimild til söfnunar spilliefna (og annarra úrgangsteg.). Þar sem starfsleyfisgerð tekur allnokkurn tíma er ráðlegt að rekstraraðili sækir um undanþágu til umhverfisráðherra, þ.e. að tímabundin heimild verði gefin til söfnunarstarfsemi og skulu þær mengunarvarnir sem viðhafðar eru í viðkomandi starfsemi tíundaðar í erindinu svo meta megi hvort þær séu hæfilegar.

## ANNAÐ

Sem fyrr voru örfáir bílar á malarlögðu geymslusvæði. Skv. 1. tl. 1. viðauka reglugerðar nr. 303/2008 um úrvinnslu ökutækja skulu (geymslu)stæði bíla steipt eða malbikuð o.fl. Samkvæmt samþykktri úrbótaáæltun mun rekstraraðili koma upp hæfilegri skammtíma-geymsluaðstöðu f. 1.6.2014.

Reykjavík, 03.12.2013



Sigrún Guðmundsdóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.